

Skýrsla tengiliðar Australian Cattle dog 2018.

Heldur er lítið að fréttu af stofninum þetta árið. Eina gotið sem fæðst hefur er nýorðið eins árs. Allir eigendur skráðu sig í hrfi og hafa tekið þátt í sýningum. Árangur hefur verið góður en þar sem ég var erlendis meira og minna allt síðasta ár var þátttaka í sýningum með minnsta móti.

Enginn hundur hefur farið í myndatökur eða augnskoðun ennþá sökum aldurs.

Því miður gerðist það að einn hvolpurinn úr gotinu drapst nú í haust, sá var eini rauði rakkinn á landinu og var það heilmikið högg fyrir stofninn og auðvitað eigendur. Alls eru nú 8 Australian Cattle Dog á landinu. 4 tíkur og 4 rakkar.